

## Fuglar í skógi að vetri

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

**Markmið:** Þekka í sjón algengustu lífverur í sinni heimabyggð og einkennisfugla á helstu búsvæðum landsins. Geta nefnt fulltrúa fyrir íslenska staðfugla. Eykur þekkingu á umhverfinu, þjálfar leikni nemenda á vettvangi og eflir hæfni í verklegu námi.

**Námsgreinar:** Náttúrufræði, íslenska, myndennt, upplýsingatækni, rannsóknarvinna og útikennsla.

**Aldur:** Miðstigi.



### VERKLÝSING

Að skoða atferli a) músarrindils og b) glókolls.

**Undirbúningur:** Skoða myndir af fuglunum áður en farið er af stað.

a) Hljómflutningstæki komið fyrir í rjóðri, söngur músarrindils spilaður og fylgst með atferli hans. Athugið að músarrindlar eru oft í nágrenni lækja, einnig þar sem greinahrúgur liggja.

b) Hljómflutningstæki er komið fyrir við lerki- eða grenilund, söngur glókolls spilaður og fylgst með hvort hann kemur í trjákrónurnar. Glókollur er nýlegur landnemi en hefur dreift sér víðast hvar í barrskóga og -lundi á landinu.

Nemendur greina trén sem fuglarnir sjást í eða við.

**Þegar heim er komið:** Skrifa stutta lýsingu á atferli fuglanna sem sáust og hvar þeir héldu sig. Yngri nemendur geta teiknað.

Getur nýst öllum aldurshópum og má e.t.v. reyna á öðrum tímum til að athuga hvort atferli er það sama á veturna og að vori og hausti. Einnig mætti reyna fleiri fuglategundir.

### UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Sími, spjaldtölva, tónhlaða eða annað tæki sem geymt getur upptökur. Fuglahljóð hlaðin niður af vefnum til dæmis af [www.xeno-canto.org](http://www.xeno-canto.org). Einnig er gott að hafa kíkí meðferðis.

Auðvelt er að yfirfæra þessa aðferð á aðra fugla eða önnur dýr í nágrenninu, einnig fyrir aðra aldurshópa. Þá skiptir líka máli að vita hvar sé best að leita að þeirri fuglategund sem á að rannsaka.